

18051564

Góðan daginn!

Ég heitir Guðný Charlotta og er 21 árs gamall Vestmannaeyjlingur. Ég byrjaði að læra tónlist í Tónlistarskóla Vestmannaeyja þegar ég var 5 ára og lauk þar miðprófi á píanó og trompet. Síðan fór ég í Tónlistarskóla Garðarbæjar og lauk framhaldsprófi í píanóleik. Ég er núna nemandi á hljóðfærakennslubraut við Listaháskóla Íslands. Aðalhljóðfærið mitt þar er píanó og aukahljóðfæri trompet.

Í vetur sótti ég um styrk frá Menningarsjóði Suðurlands til að halda kynningu og tónleika á lögum Sigfúsar Halldórssonar á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Verkefnið heitir „Sigfús Halldórsson og lögin hans” og með mér í því er einn annar hljóðfæraleikari og tveir söngvarar, annar söngvaranna er fyrrverandi nemandi Tónlistarskóla Vestmannaeyja.

Kostnaðaráætlun verkefnisins er 621.000 kr og hef ég fengið styrk frá Menningarsjóði Suðurlands upp á 300.000 kr til að framkvæma verkefnið, sem ég reikna með að flytja fyrri hluta júní 2018. Mig vantar ennþá upp á rúmlega helming kostnaðaráætlunar og því hef ég ákveðið að leita til nokkurra fyrirtækja sem starfa í Vestmannaeyjum og óska eftir framlagi frá þeim.

Því leita ég til ykkar í bæjarfélaginu Árborg og bið um framlag til þessa verkefnis upp á 50.000-100.000 krónur til að ná upp í kostnaðaráætlun. Tónleikarnir verða öllum opnir og bið ég ykkur jafnframt um að hvetja starfsfólk ykkar til að koma og njóta þeirra. Staðsetning og tími verður auglýstur síðar og mun ég koma auglýsingum til ykkar þegar þar að kemur.

Virðingarfyllt

Guðný Charlotta Harðardóttir